

Atvinnuveganefnd Alþingis

Húnaþingi vestra, 3. júní 2024  
Mál nr. 2405043 U.V.H.

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu, mál nr. 1036/2024.

Á 1215. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 3. júní 2024 var umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030 tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

*Lögð fram beiðni atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðir til ársins 2030.*

*Byggðarráð fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar sem unnin var með víðtæku samráði við hagaðila. Ráðið vill leggja áherslu á að brýnt er að nægjanlegt fjármagn fylgi áætluninni til að aðgerðir hennar geti komið til framkvæmda.*

*Ráðið gerir sérstaka athugasemd við aðgerð B4 - afnám gistináttaskatts. Þó áformum um lækkun gjalda á atvinnugreinina sé fagnað vill ráðið benda á að á undanförunum árum hefur verið í umræðunni að tekjur af gistináttaskatti renni til sveitarfélaga til nauðsynlegrar innviðauppgildingar í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Þó svo að þær hugmyndir hafi ekki komið til framkvæmda kallar ráðið eftir því að í ferðamálastefnunni komi fram tillögur að tekjustofnum sveitarfélaga í tengslum við ferðaþjónustu til að mæta auknum kostnaði vegna aukins álags á innviði sem henni óhjákvæmilega fylgja.*

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við atvinnuveganefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.